

**42. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
5. september 2016 og hófst hann kl. 15:00**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fyrir tekið:

1. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2016

Farið yfir drög að endurskoðun aðalskipulags Akraneskaupstaðar.

Árni Ólafsson skipulagafræðingur verður með kynningu á fundinum.

*Bæjarstjórn og skipulags- og umhverfisráð þakkar Árna Ólafssyni góða kynningu.
Málið verði unnið áfram.*

2. 1405059 - Deilisk. Dalbraut-Þjóðbraut - Dalbraut 6

Farið yfir drög að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautar.

Árni Ólafsson skipulagsfræðingur verður með kynningu á fundinum.

*Bæjarstjórn og skipulags- og umhverfisráð þakkar Árna Ólafssyni góða kynningu.
Málið verður unnið áfram.*

3. 1604011 - Deilisk. Sementsreits

Farið yfir drög að nýju deiliskipulagi á Sementsreit.

Fulltrúar ASK arkitekta verða með kynningu á fundinum.

*Bæjarstjórn og skipulags- og umhverfisráð þakkar fulltrúum Ask arkitekta góða kynningu.
Málið verður unnið áfram.*

4. 1608017 - Jaðarsbakkar - endurnýjun potta og heit laug á Langasandi

Farið yfir stöðu málsins.

Gerð var verðkönnun í lagnir potta á Jaðarsbökkum og laugar á Langasandi.

Eftirfarandi verðboð bárust:

AK píulagnir ehf, kr. 26.975.988

Eðallagnir ehf, kr. 33.938.832

Pípulagningabjónustan ehf, kr. 24.918.672

Kostnaðaráætlun Mannvits, kr. 26.763.700

Ennfremur liggur fyrir heildarverð frá GS Import ehf. í verkið utan lagna að upphæð kr. 89.275.048.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við Pípulagningapjónustuna ehf. og GS Import ehf. um verkið.

Valgarður L Jónsson sat hjá við afgreiðslu málsins.

5. 1609012 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áf. - Akralundur 4

Umsókn um breytingu á byggingarreit.

Rakel Óskarsdóttir vék af fundi undir þessum dagskrárið.

Í breytingunni felst að lengd byggingarreitsins verði lengdur um 1,5m í átt að lóð nr. 2 við Akralund. Lengd reitsins er 33,0 m verður 34,5 m.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að grenndarkynna breytinguna í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.
Grenndarkynna skal fyrir lóðarhafa Akralundar 2.

Ráðið vill ennfremur benda á að allur kostnaður við breytinguna þ.m.t. kostnaður við breytingu á lögnum er á kostnað lóðarhafa.

6. 1509147 - Snjómokstur og hálkueyðing - útboð 2016

Lögð fram drög að útboðsgögnum fyrir snjómokstur og hálkueyðingu.

Sviðsstjóra falið að bjóða út verkið í samræmi við fyrirliggjandi útboðsgögn.

7. 1604092 - Breiðin útvistarsvæði 2016

Byggingarfulltrúi kynnir málið.

Skipulags- og umhverfisráð tekur undir framlagðar hugmyndir um breytingu á deiliskipulagi Breiðar - útvistarsvæðis.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:20.

Einar Bráður
Raul Osarsdóttir
Valgarður L. Jónsson
Mármess Karl Þorláksson
Ingi Þór Siguðgeirsdóttir
Ósteinn Þ. Steinsson
Dafðilssig.